

---

### 3. FUNDUR Í SKÓLARÁÐI SJÁLANDSSKÓLA 24. MARS 2022

---

Mættir: Sesselja Þóra Gunnarsdóttir skólastjóri, Ósk Auðunsdóttir aðstoðarskólastjóri, Guðrún Dóra Jónsdóttir fulltrúi kennara, Sigrún Lilja Traustadóttir fulltrúi starfsmanna, Tómas Þór Jacobsen fulltrúi grenndarsamfélags, Klara Þorbjörg Einarsdóttir fulltrúi nemenda, Áslaug Thelma Einarsdóttir fulltrúi foreldra og Helga Kristjánsdóttir fulltrúi foreldra.

#### Dagskrá skólaráðsfundar:

1. Niðurstöður úr Skólapúlsinum.
2. Umbótatillögur frá foreldrum – upplýsingar frá foreldrafélaginu.
3. Skóladagatal
4. Vorleikar
5. Önnur mál

#### FUNDARGERÐ

Fimmtudaginn 24. mars kom skólaráð saman á fjarfundi til 3. fundar ársins 2022

Fundarefni:

##### 1. Niðurstöður úr Skólapúlsinum

Sesselja fór yfir niðurstöður nemendakönnunar á vegum Skólapúlsins fyrir þetta skólaár. Nemendakönnun skólapúlsins er lögð fyrir í september og febrúar ár hvert fyrir nemendur í 6. – 10. bekk. Skólapúlsinn leggur einnig fyrir starfsmannakönnun og er sú könnun í gangi núna.

Nemendakönnun skólapúlsins skiptist í fjóra matsþætti 1) Virkni nemenda í skólanum 2) Líðan og heilsa 3) Skóla og bekkjarandi 4) Opnar spurningar. Á bak við hvern þátt eru margir matsþættir. Niðurstöður einstakra matsþátta eru í flestum tilfellum settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalnír (e. stanines). Staðalnír eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig á staðalnúkvarða ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Helstu niðurstöður könnunarinnar eru:

- 1) Virkni nemenda í skólanum: Skólinn er í kringum landsmeðaltali í öllum þáttum að undaskyldum þættinum *Trú á eigin vinnubrögðum í námi* þar sem töliverður munur er miðað við landið. Þegar ánægja af lestri var skoðað náðar mátti sjá að unglingsdeildin hefur meiri ánægju af lestri en 6. og 7. bekkur.

1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,3	76	-0,1	4,5	10.483	-0,2
1.2. Þrautseigja í námi	4,6	79	0,2	4,6	10.532	0,0
1.3. Áhugi á stærðfræði	4,6	79	-0,1	4,8	10.688	-0,2
1.4. Ánægja af náttúrufræði	4,5	79	0,1	4,5	10.677	0,0
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	3,9	79	-0,3	4,5	10.528	-0,6*
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,9	79	-	4,9	10.664	0,0

- 2) Líðan og heilsa: Skólinn er í kringum landsmeðaltali í flestum þáttum. Tíðni *hreyfingar* er langt undir landsmeðaltali. Þegar þróun *hreyfingar* var skoðuð yfir nokkra ára tímabil mátti sjá að *hreyfing* nemenda í Sjálandsskóla hefur aukist á milli ára en er enn langt undir landsmeðaltali. Stúlkur í Sjálandsskóla hreyfa sig meira en drengir í skólanum.

2. Líðan og heilsa

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	4,0	79	0,2	4,3	10.488	-0,3
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,3	79	0,3	4,3	10.458	0,0
2.3. Vellíðan	4,4	79	0,4	4,3	10.594	0,1
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	21	-	-	-	-
2.5. Einnelti	5,6	79	-0,0	5,6	10.582	0,0
2.6. Tíðni eineltis	13,9%	11/79	3,8%	14,6%	1603/10541	-0,7%
2.7. Staðir eineltis	-	10	-	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	38,0%	30/79	6,9%	44,0%	4542/10315	-6,0%
2.9. Holt mataræði	4,3	77	-0,2	4,6	10.400	-0,3

- 3) Skóla- og bekkjarandi: Sjálandsskóli er í kringum landsmeðaltal í öllum þáttum.

3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,8	77	0,1	4,8	10.384	0,0
3.2. Samband nemenda við kennara	4,9	77	0,0	4,8	10.519	0,1
3.3. Agi í tímum	4,7	77	-0,3	5,0	10.505	-0,3
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	4,6	77	-0,2	5,0	10.476	-0,4
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	5,1	77	-0,0	4,9	10.478	0,2

## **2. Umbótatillögur frá foreldrum – upplýsingar frá foreldrafélaginu.**

Sesselja fór yfir umbótatillögur sem komu frá forráðamönnum skólans en foreldraráð óskaði eftir tillögum til umbóta frá þeim. Fulltrúi foreldraráðs fjallaði einnig um umbótatillögurnar á fundi Grunnstoða og verða tillögurnar sendar til skólayfirvalda í Garðabæ. Margar áhugaverðar tillögur komu fram m.a. varðandi húsnaði og nánasta umhverfi, nám og lestur, fötlunar- og sérkennslumál félagsstarf og aðra þætti. Fulltrúi grenndarsamfélags í skólaráði, forstöðumaður Klakans sagði það sérstaklega ánægjulegt að forráðamenn sýni Klúbbastarfi áhuga þar sem félagsmiðstöðin hefur ítrekað óskað eftir fjármagni í klúbbastarf. Fulltrúi nemenda lýsti áhuga sínum á þeirri hugmynd að hafa hafragraut á morgnana. Umræður um lestrarnám og upplýsingagjöf varðandi lestrarstöðu í skólanum en skólinn vinnur eftir lestrarstefnu skólans. Skólinn er í þeirri vegferð að efla skapandi skólastarf og fjölbreyttar kennsluaðferðir.

## **3. Skóladagatal- samþykkt skjal.**

Sesselja fór yfir skóladagatal næsta skólaárs. Það hefur verið samþykkt af skólanefnd og bæjarráði. Það er komið á heimasíðu skólans og verður uppfært með viðburðum Sjálandsskóla. Fulltrúi foreldra lýsti vonbrigðum sínum varðandi skipulagsdaga á vorönn þar sem leikskólar og grunnskólar í bænum eru ekki með sama skipulagsdaginn.

## **4. Vorleikar**

Umræður um vorleika sem dreifast nú á tvo daga skólaárið 2021-2022. Foreldrafélagið er að skoða það að bjóða upp á fræðslu og hjólaferni frá Dr. Bike.

## **5. Önnur mál**

Foreldrafélagið leggur til að nemendur skólans fái fræðslu eða geri verkefni sem tengjast stríðinu í Úkraína. Umræður um aðstoða og/að gera eitthvað táknrænt. Félagsmálavalið undir stjórn Tómasar ætlar að skipuleggja verkefni fyrir unglिंगadeild.

Foreldrafélagið er að skipuleggja plokkgagn í maí.

Foreldrafélagið á fjármagn og óskar eftir því að fá hugmyndir að verkefnum/fræðslu frá starfsfólki og kennurum. Foreldrafélagið hefur orðið var við óskir frá unglिंगadeild varðandi kynfræðslu, fjármálafræðslu og jafnréttisfræðslu.

Umræða um upplýsingagjöf til forráðamanna varðandi hvar upplýsingar birtast, á heimasíðu, í Námfús, og í tölvupósti.

Fulltrúi nemenda óskar eftir fleiri sófum á unglिंगasvæði. Forstöðumaður Klakans skoðar það.

Umræður um samræmd próf, engin samræmd próf þetta skólaárið.

Að lokum fékk foreldrafélagið hrós fyrir öflugt og virkt foreldrastarf en það er mikilvægur þáttur í skólasamfélagi.

Fundargerð ritaði:

Ósk Auðunsdóttir